

Starfsáætlun leikskólans

2017 – 2018



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Ytra mat.....	7
2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)	8
2.5 Húsnæði og lóð.....	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	10
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	10
4. Starfsmannamál	12
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí.....	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	12
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	12
5. Aðrar upplýsingar	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
5.4 Almennar upplýsingar	15
5.5 Áætlanir.....	15
Fylgirit.....	16

1. Inngangur

Í þessari starfsáætlun verður farið yfir helstu þætti og endurmat síðasta árs ásamt því að sett er fram starfsáætlun fyrir skólaárið 2017 -2018. Markmið þess er að gera stefnu og sýn leikskólans skýrari og markvissari.

Leikskólinn hefur unnið markvisst með læsi og læsishvetjandi umhverfi. Metnaður hefur verið lagður í að skapa hvetjandi umhverfi í læsi. Það hefur verið gert með því m.a. að hafa ritmál sýnilegt, hafa gott aðgengi að bókum og ritföngum ásamt því að hafa gott úrval leikfanga í tengslum við bókstafi. Áhugi barnanna gagnvart bókalestri, stöfum, einstökum orðum og orðaforða er mikill. Unnið hefur verið með skapandi starf og eru þar sterk tengsl við bækur, þjóðsögur, ljóð og þulur. Einnig hafa börnin verið þjálfuð markvisst í að koma orðum sínum og hugsunum frá sér við ræðupúlt. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur og þá eru unnin ýmis verkefni í tengslum við hann. Einnig höldum við í heiðri Alþjóðadegi barnabókarinnar sem haldinn er í tengslum við fæðingardag H.C. Andersen 2. apríl ár hvert. Þá eru börnin hvött til að taka með sér bók heim úr bókasafni skólans og lesa heima með sínu fólki. Stefnt er að því að þróa enn frekar læsishvetjandi umhverfi í skólanum. Síðustu skólaár höfum við unnið eftir kennsluaðferðinni K-Pals. Sú aðferð gengur út á það að þör læra saman og er ætluð elstu börnum skólans í byrjendalæsi. Segja má að góður árangur hafi náðst og áhugi barnanna fyrir þessum tímum sé mikill. Þá höfum við bætt við P-palsi sem er ætlað yngri börnum. Notkun spjaldtölvu hefur aukist í vinnu með börnunum ekki hvað síst í læsistengdum verkefnum. Nýjasta viðbótin í læsi og stærðfræði hjá okkur eru aðferðir kennsluefnisins „Leikur að læra“ sem við teljum að fari vel saman með því sem nú þegar er unnið með hér í skólanum.

Margir viðburðir hafa fest sig í sessi í skólamenningunni s.s. vorferð, sumarhátíð, hefðir tengdar jólum, fastar ferðir í bókasafnið aðra hverja viku, ípróttaiðkun í Bjarkarhúsinu, Bjartir dagar og þannig mætti telja áfram.

Það er markmið kennara Arnarbergs að í leikskólanum sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverjum nemanda er mætt á eigin forsendum. Í leikskólanum starfar fjöldi fólks með víðtæka þekkingu og mikla reynslu og er það einn af styrkum stoðum skólans. Eitt af markmiðum skólans er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta með samábyrgð allra starfsmanna. Mikilvægt er að veita kennurum það öryggi að þeir viti alltaf hvað framundan er, hver verkefni og ábyrgð þeirra eru. Við viljum að starfsumhverfið sé aðlaðandi, veiti ánægju og vellíðan einnig viljum við leggja áherslu á góð samskipti og kærleik milli starfsmanna. Framlag hvers og eins er metið að verðleikum, starfsfólki eru falin verkefni sem fela í sér ábyrgð og kröfu um metnað þeirra. Deildarstjórar tóku starfsmannaviðtöl við sitt fólk annað árið í röð og hefur það gefist vel. Þannig teljum við að nánari samvinna starfsmanna innan deilda náist betur og gefi góða vísbendingu um væntingar og líðan starfsfólksins. Starfsfólk getur komið með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að úrbótum og þannig haft áhrif á starfið. Deildarstjórar koma að þessum samtölum að loknum í viðtali við skólastjóra. Í þeim samtölum fer fram mat á frammistöðu og markmiðssetningar gerðar skýrar og einfaldar.

Samráðsteymi er við leikskólann og eru það leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sem sitja í teyminu. Meginhlutverk þess er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja. Bæði starfsfólk og foreldrar geta vísað málum til samráðsteymis. Þar er farið yfir öll mál sem berast og unnið úr þeim á þann hátt að farsæl lausn finnist. Teymið fundar þriðja fimmtudag í mánuði.

Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar með áhyggjuefni sínu. Við sendum tölvupósta reglulega og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt. Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag sem vinnur frábært starf í samvinnu við stjórnendur leikskólans. Einnig er foreldraráð sem fundar reglulega, það hefur komið sér upp starfsreglum sem unnið er eftir. Foreldraráð hefur umsagnarétt um þessa starfsáætlun sem og aðrar meiriháttar breytingar á skólastarfinu.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2017- 2018 er metnaðarfull og tekur mið af væntingum starfsmanna og þörfum skólans með það að markmiði að eftir standi öflugra starfsfólk og betri skóli.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Innra starf leikskólans

Hér í leikskólanum leggjum við áherslu á að mat fari fram jöfnum höndum. Deildarstjórar halda utan um skráningar á vinnu barnanna s.s. í hópatímum og öðrum tímum dagsins svo bera megi saman við Skólanámskrá skólans. Með því teljum við að yfirsýn yfir alla námsþættina verði bæði markviss og skýr.

Við leggjum áherslu á að samræmi sé í vinnu barna á sama aldri með því að hafa reglulega fundi hópstjóra. Þessir fundir eru einu sinni til tvisvar á önn og eru til þess að hópstjórar geti borið saman bækur sínar og þeir eldri og reyndari leiðbeint þeim sem eru að byrja í kennslu. Með því viljum við bera þekkingu áfram og miðla reynslu börnunum til hagsbóta. Markmið okkar hefur verið og verður áfram að fjölga í faghópnum það hefur tekist að nokkru leiti. Deildastjórafundir eru haldnir einu sinni í viku þar sem farið er yfir áætlanir og starfið hverju sinni það endurmetið og yfirfarið. Uppeldisfræðilegar skráningar er matstæki sem við notum til að sjá hvernig vinnan hefur gengið, þær gefa góða yfirsýn yfir hvað gengur vel og hvað síður s.s. í hópatíma, við matarborðið, í hreyfistundum og þannig mætti lengi telja.

Þeir matslistar sem við notaðir eru hér í leikskólanum eru Orðaskil – Hljóm2 – TRAS. Þá eru einnig notaðir listar eins og Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Snemmtæk íhlutun 2-3 ára, AAL, AEPS-listinn og fl. þegar þörf er á.

Daglegt starf hefur gengið vel og er dagskipulag í föstum ramma sem vel hefur gengið að fara eftir og mat okkar er að halda því óbreyttu. Á hverju ári leggjum við af stað með áætlun um verkefnavinnu í hópatímum, samverustundum og öðrum verkefnatengdum þáttum. Vel hefur gengið að fara eftir þeim áformum sem sett voru. Hópatímar hafa nýst vel og mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin og ávallt er áhugi barnanna mikill, þau búa yfir miklum sköpunarkrafti og vilja til að takast á við ný verkefni. Mat starfsmannahópsins er að skólaárið hafi gengið vel og flestir þættir sem lagt var af stað með hafi gengið upp og eru þess verðir að halda áfram með. Þá erum við helst að vísa í hópatíma, listastofu og samverustundir sem byggja á skapandi starfi, málörvun og læsishvetjandi aðferðum. Starfsmannahópurinn hefur verið að kynna sér kennsluaðferðina „Leikur að læra“ sem miðar að því að gera nám skemmtileg og aðgengilegt börnum. Í aðferðinni felst alltaf eitthvað vitsmunalegt, hreyfing og leikur. Þetta eru skemmtilegar aðferðir við að nálgast læsi og stærðfræði með börnunum. Í vetur höfum við verið að smá bæta við okkur þessum tímum og er það von okkar að þessi aðferð geti orðið að fastri kennsluaðferð í leikskólanum sem leiði til þess að læsi og stærðfræði verði árangursrík og skemmtileg.

Þættir sem hafa fest sig í sessi hjá okkur eru íþróttaiðkun í Bjarkarhúsinu fyrir tvo elstu árgangana, reglulegar ferðir í Bókasafnið, danskennsla fyrir öll börn og sundkennsla fyrir elstu börnin.

Skipulagsdagar hafa verið nýttir til námskeiða, kynnisferða og stakra fyrirlestra. Alltaf er það markmiðið að efla og styrkja starfsmenn í starfi. Áhersla hefur verið lögð á hópefli með því að fara í kynnisferðir s.s. leikskólaheimsóknir og létta viðburði að kvöldi.

Læsi og læsishvetjandi umhverfi

Skólinn hefur unnið markvisst að læsishvetjandi umhverfi barna síðustu ár og eru einkunnarorð skólans „Læsi er leikur“. Mikill vilji er meðal kennara að gera þennan þátt kennslunnar sem bestan. Allt frá því að skólinn setti sér þetta markmið í forystuverkefni og til dagsins í dag hefur læsi verið rauður þráður í gegnum allt skólastarfið. Samvinna allra s.s. barna, foreldra og starfsmanna hefur verið góð.

Börnin sýna mikinn áhuga á bókum, bókstöfum og öðru læsishvetjandi efni, áhersla er lögð á lestur bóka og að bækur séu ávallt í umhverfi barnanna og þeim aðgengilegar. Áhuginn hefur leitt af sér mörg skemmtileg verkefni og má nefna að unnið er með margar sögur, ljóð og þulur í mörgum þáttum sköpunar s.s. í listastofu, leikrænni tjáningu og framsögn. Með notkun spjaldtölvu hefur þessi þáttur orðið ríkari því börnin hafa kost á að nýta sér smáforrit í læsi ásamt því að nota tæknina til að skapa leikrit og segja sögur frá eigin brjósti.

Sérstaklega hafa verið metnar lestrastundir og það skoðað markvisst hvernig börnin hlusta á sögur. Sjáanlegur munur er á því hvað þau hlusta vel, tileinka sér sérstök orð sem unnið er með áfram og hvernig orðaforði hefur aukist. Allir hafa lagt metnað sinn í þetta verkefni og er mikill vilji til að halda því áfram á sömu braut. Stöðugt er verið að leita leiða til að efla starfið sem best.

Innleiðing K-Pals aðferðarinnar sem þróuð var af Peabody College við University í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum hefur gengið vel. Markmið aðferðarinnar er að gefa kennurum kost á því að örva og þjálfra samtímis hóp af börnum í hljóða- og stafabekkingu með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Námsefnið hefur reynst gott og börnin mjög áhugasöm. Í byrjun er tekið Hljóm2 – próf af börnunum og það svo endurtekið eftir veturinn. Nú höfum við unnið þetta í þrjú ár og áberandi munur er á getu barnanna samkvæmt Hljóm2 – prófunum. Börnin hafa sýnt miklar framfarir og hafa allt upp í að rúmlega tvöfalda stigafjölda sinn milli hausts og vors. Samanburður þessara þriggja ára gefur góða vísbendingu um að árangur hefur aukist. Öll börn bæta getu sína og mörg hver eru að verða læs. Það er mat okkar að þetta sé mjög gott námsefni sem sannarlega á erindi við börn á elsta aldurstigi og er um leið góð til að hefja lestrarnám. Það er trú okkar að þetta muni skila börnunum góðum ávinningi inn í grunnskólann og að þau verði betur undirbúin til að hefja lestrarnám í fyrsta bekk grunnskóla. Þá höfum við bætt við P-palsi sem er ætlað börnum í næst elsta árgangi leikskóla og hafið innleiðingu þess. Þetta skólaár sem nú er að líða er fyrsta skólaárið sem við höfum lagt P-palsið inn og gaf það mjög góða raun. Það er unnið á svipaðan hátt og K-palsið í tveimur sjö vikna lotum. Það er trú okkar að P-palsið verði gott forskot þeirra barna sem næsta vetur hefja nám í K-palsinu og því verður spennandi að taka Hljóm2-prófin í haust og vinna með í K-palsið næsta skólaár.

Sjálfsmat

Ákveðið var að halda áfram frá fyrra ári um að skoða sérstaklega þá þætti í leikskólastarfinu sem tengdust læsishvetjandi vinnu, hópavinnu og skráningu. Mat starfsmanna er að þeir standi sig nokkuð vel í þessum þáttum en skráning mætti vera markvissari í einstökum þáttum eins og t.d. hópatímum.

Síðasta skólaár var ákveðið að taka hlé frá SMT þar sem þessi þáttur leikskólastarfsins hefur ekki náð að festast í sessi og var það mat starfsmanna að gott væri að taka hlé um stund, endurmeta að

vori fyrir næsta skólaár hvort og hvernig áætlað væri að vinna með SMT. Það er sannarlega mat starfsmanna að margt sitji eftir úr fræðum SMT s.s. í samskiptum með reglum og orðavali við börnin svo eitthvað sé nefnt. Skráningarvinna hafi verið tímafrek og oft erfitt að skila þeim þætti svo vel væri.

Vinátuverkefni Barnaheilla hefur hafið inngöngu sína. Það verkefni vinnur á samskiptum milli starfsmanna, barna og foreldra. Eykur félagshæfni barna og vinnur gegn einelti. Mikil gleði er með það verkefni, bangsinn Blær nær einstaklega vel til barnanna og strax má sjá sýnilegan mun í framkomu barnanna hvert við annað, hjálpsemi og kærleik. Tilhlökkun er að halda áfram með verkefnið næsta haust.

Við vinnum áfram skráningar með ljósmyndum og myndbandsbrotum. Mikil ánægja foreldra er með þessar skráningar, þær eru aðgengilegar í fataklefum í gegnum sjónvörp sem þar eru. Notkun spjaldtölvu hefur gert okkur kleift að skrá vinnu barnanna s.s. í rafbókum og myndbandsbrotum og þannig meta um leið tiltekin verkefni. Við getum skoðað eigin árangur, árangur tengdum börnum og skólanámskránni. Vimeo síða skólans er opin foreldrum ásamt heimasíðu skólans og er það metnaður okkar að halda þessum svæðum lifandi, skemmtilegum og lýsandi fyrir leikskólastarfið.

2.2 Ytra mat

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar lagði fyrir starfsmenn tvær kannanir á síðasta skólaári. Tilgangurinn var að meta líðan og starfsánægju starfsmanna. Svarhlutfall var í fyrri könnunni ekki nægilega gott eða um 60% en í þeirri síðari sem Skólapúlsinn lagði fyrir var svarhlutfall yfir 80%. Heilt yfir var niðurstaðan góð, starfsmenn ánægðir með starfsumhverfið og líðan sína almennt. Þáttur eins og samvinna hefði mátt mælast betri eg erum við komin með umbótaáætlun til að nálgast þann þátt betur. Ætlun okkar næsta haust er að vinna í 7 vikna lotum þvert á húsið. Síðasta vikan í hverri lotu verði notuð til endur mats. Það er von okkar að með þessu kerfi verði samvinna meiri og komi bæði börnum og starfsmönnum að góðu gagni.

Menntamálaráðuneytið gerði ekki mat á leikskólastarfinu síðasta skólaár.

Hafnarfjarðarbær hefur verið í vinnu við að greina vanda barna gagnvart læsi og hefur vinnuhópur verið starfandi vegna þess. Fulltrúar okkar skóla hafa miðlað til okkar um það sem fram hefur komið og þá vinnu sem farið hefur verið í. Þá hafa komið hugmyndir um að samvinna milli skólastiga verði gerð markvissari og að hún verði hverfisbundin. Mikill hagur barna er að því samstarfi skólastiga. Allt miðar þetta að því að gera börnin okkar betur tilbúin að takast á við nám í komandi framtíð og því um mikinn ávinnig að ræða.

2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Áfram er ætlunin að efla enn frekar skráningar í skólastarfinu, sérstaklega skriflegar skráningar tengdar barnahópnum með áherslu á skráningu og mat á hópatímum í tengingu við grunnþætti menntunar samkvæmt skólanámskrá. Einnig viljum við með þessu meta eigið framlag og styrk okkar og veikleika. Þannig teljum við að hægt sé að nálgast endurmenntun á skilvirkan og markvissan hátt. Samhliða þessu er ætlunin að auka ljósmyndaskráningar og skráningar á myndbandsbrotum en með því að rýna í myndir má sjá ótal margt bæði það sem vel er gert og það sem betur má fara, lesa má í líðan og áhuga.

Mikilvægt er að fá mat barnanna á starfinu, það gerum við með spurningum sem þau svara með matstækjum sem sniðin eru að þeim. Þetta mat er gert einu sinni á skólaárinu. Skráningar eru gerðar varðandi daglegar þarfir, hegðun og færni á mörgum sviðum sem svo áfram eru gagnlegar við skipulag verkefna, líðan barnanna og félagsfærni.

Skipulagsdagar verða nýttir til námskeiða, fræðslu og samráðs fyrir alla starfsmenn. Lögð verður áhersla á þá þætti sem símenntunaráætlun kveður á um. Starfsmannafundur verða eins og áður nýttir til skipulags og samráðs innan deilda og fyrir allan skólann.

Fagfundir er vettvangur fagmanna til að bera saman bækur sínar og skipuleggja faglega vinnu og þá vinnu sem framundan er hverju sinni. Einnig gefst þar gott tækifæri til þess að endurmeta starfið og rýna til gagns.

2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)

Vilji er fyrir því að efla færni starfsmannahópsins í uppeldisfræðilegum skráningum, nýjum kennsluaðferðum sbr. Palsið og Leikur að læra. Með markvissri fræðslu og vinnu teljum við að auka mætti þá þætti skólustarfsins. Mikilvægt er að hafa mat skipulagt og markvisst fyrir allt faglegt starf leikskólans. Þá er auðveldara að halda utan um einstaka þætti og bera saman við grunnþætti leikskólustarfsins og sameina um leið allt samþætt og skapandi starf sem fram fer innan skólans. Með því værum við að beina sjónum að öllum námsþáttum sem hríslast inn í daglegt starf og efla alla þroskaþætti barnanna. Áætlun er um að næsta haust verði Skólanámskrá skólans yfirfarin og endurbætt með hliðsjón af því hvernig kennslan hefur þróast síðustu ár.

Áætlað er að gera skráningar jafnóðum í hverri viku og þær teknar saman og metnar einu sinni í mánuði. Lokamat væri svo gert í lok annar. Þá væri kominn vegvísir um áframhaldandi starfi og auðveldara væri að koma auga á það sem þarf að bæta og einnig hvað vel hefur gengið og vert væri að halda áfram með. Það gefur tækifæri til að meta líðan barnanna, þátttöku þeirra og virkni í skráðum námsþáttum.

Skráningar á læsis tengdum þáttum hafa verið gerðar, og verða gerðar, þær metnar til áframhaldandi vinnu.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru m.a. matstæki þar sem unnið er með ljósmyndaskráningar, myndbandsbrot og skriflegar skráningar. Aðferð sem gefið hafa góða raun og vilji er til að halda áfram að vinna með.

Fagmenn meta skráningarnar og áframhaldandi vinnu. Allir starfsmenn taka þátt í skráningum og þjálfa sig í þeim. Börn taka þátt í matinu með spurningalistum. Foreldrar meta starfið í reglulegum könnunum sem gerðar eru annað hvert ár.

2.5 Húsnæði og lóð

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði í ágúst 2003, en áður var hann starfsræktur í tveimur húsum. Leikskólinn er fjögurra deilda með rétt tæplega hundrað börn og um þrjátíu starfsmenn. Umhverfi leikskólans er rólegt og friðsælt og nýtur hann góðs af frábærri staðsetningu innst í botnlanga, þar sem umferð og umferðarhraði er í lágmarki.

Húsnæði skólans er í góðu standi og tilfallandi viðgerðir gerðar jöfnum höndum. Lóð skólans er stór

með mörgum leikföngum sem all flest eru í góðu lagi. Nú að vori var farið yfir það hvað helst þyrfti að lagfæra eftir veturinn. Grasflatir eru laskaðar og koma þarf í veg fyrir vatnsflaum sem á greiða leið inn á leikvöllinn og getur skapað hættu í verstu tilfellum. Einnig er þörf á að setja betri girðingu á leiksvæði smábarnanna en þar er girðing sem börnin komast auðveldlega framhjá.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Aðalverkefni okkar næsta skólaár er læsishvetjandi umhverfi í leikskóla ásamt því að auka áherslur í stærðfræði. Eins og áður hefur komið fram verður þessi vinna áframhald af vinnu síðustu ára með meiri áherslu á elstu börnin og þau næst elstu. Markviss málörvun í gegnum leik og skapandi starf hefur verið og verður áfram áhersluþáttur ásamt því að taka út einstök orð til að efla málskilning. Einnig er mikil áhersla lögð á að börnin þjálfu sig í framsögn, kynnist bókum og sögulestri. P-pals fer af stað annað árið í röð og er ætlað næst elsta árgangi skólans. Áfram verður haldið með K-palsið „þör að læra saman“ fyrir elstu börnin. Þessi verkefni eru unnin í lotum sem standa yfir í 4-6 vikur í senn fyrir og eftir áramót. Markmiðið er að börnin verði meðvitaðri um bókstafina og hljóð þeirra, að þau verði betur í stakk búin til að hefja lestrarnám ásamt því að vinna saman og efla félagsleg tengsl þeirra. Teymi kennara ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins ásamt því að leiða það næsta skólaár. Það er mat okkar að bestur árangur náist með því að hafa sama hóp kennara í þessari vinnu við það skapis festa og góð yfir yfirsýn sem sé vísari til árangurs. Ætlunin að senda kennara á námskeið í stærðfræði palsi næst þegar það verður í boði og meta út frá því meta hvort gott væri að taka það með einnig.

Deildarstjórar halda utan um það sem unnið er í hópatímum, samverustundum og öðrum skipulögðum stundum. Skráningar, þá bæði skriflegar, ljósmynda- og myndbandsskráningar verða helstu tækin til að meta starfið og um leið verða þær hluti af sjálfsmati leikskólans. Gagnvart elstu börnunum er byrjað á því að taka af þeim Hljóm2-próf en það er skimun/próf sem metur hljóð- og málvitund barnanna, áður en ráðað er í K-pals hópana. Hljóm- próf er tekið aftur að vori til að meta árangur. Mikill mælanlegur munur hefur verið frá hausti til vors eftir að við höfum þessa vinnu. Börnin hafa verið að bæta getu sína um allt að helming og jafnvel meira.

Starfsmannshópurinn hefur sótt námskeið í „Leikur að læra“ en þar eru farnar nýjar leiðir að máörvun, byrjendalæsi og stærðfræði. Síðast liðinn vetur fengum við kennslu hér á skipulagsdegi í þessum fræðum sem styrkti vel þá kunnáttu sem fyrir var og gaf okkur fyrirheit um áframhald. Vonir okkar eru um að geta hafið innleiðingarferli með aðstoð kennara frá Leikur að læra á næsta eða þar næsta skólaári en fyrst þarf að afla frjármagns svo það megi verða. Margt sem þarna er að finna getum við notað í vinnu okkar nú þegar, aðferðin er skemmtileg og nær vel til barnanna. Með innleiðingu yrði kennsluáðferðin markvissari fyrir allan leikskólann þar sem eftirfylgni, hvatning og samráð væri stór þáttur.

SMT – skólafærni fyrir PMT – hefur verið í hléi síðasta skólaár. Ekki er ríkur vilji til að halda áfram á sömu braut. Margt situr eftir og er orðið að föstum venjum hér í leikskólanum s.s. reglur, orðaval og aðferðir gagnvart ákveðnum aðstæðum. Vináttuverkefni Barnaheilla hefur verið tekið upp. Þar er lögð áhersla á vináttu, samkennd, félagsfærni, kurteisi og kærleika. Allt eru þetta þættir sem mikilsvirði er að tileinka sér, bangsinn Blær nær vel til barnanna svo og verkefni og hugmyndafræðin sem þar er sett fram. Það er sýn okkar að þetta verkferli komi í stað SMT – fræðanna og höfði betur til allara.

Áætlanir eru um að efla skráningar í leikskólastarfinu og þannig fá betri sýn á allt skólastarf. Gert er

ráð fyrir að starfsmenn sæki námskeið sem geta aukið færni þeirra við þessa vinnu einstaklingslega eða sem hópur. Nú þegar hafa deildastjórar tekið upp skráningar á tilteknum þáttum s.s. hópatímum, dagskipulagi, læsi/stærðfræði og öðrum námsþáttum. Sett sér markmið, viðmið, tímarammi, endurmat og úrbætur sem síðan er lagt í eitt endurmat á önn. Með þessu gefst tækifæri til að meta jöfnum höndum starfið, bæta það og endurskoða.

4. Starfsmannamál

4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	12		Leyfisbréf
Annað háskólapróf	1		Grunn- og framhaldsskóla kennarar
Leiðbeinendur	12		Ófaglært starfsfólk
Matartæknir	1		Matartækninám
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1		Ófaglært starfsfólk

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl eru á vorönn. Sá háttur var hafður á að deildarstjórar tóku viðtöl við sína starfsmenn, fyrirfram gefnum tímum er deilt til starfsmanna. Mæltist þetta vel fyrir og var það mat deildarstjóra að þeir væru nær sínu fólki og hefðu betur tækifæri til að ræða einstaka þætti starfsins, hlusta eftir líðan og væntingum starfsmanna um eign markmið og óskir s.s. varðandi endurmenntun og starfsumhverfi. Starfsmenn eiga kost á að koma með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að úrbótum ef þurfa þykir. Leikskólastjóri tók að lokum deildarstjóra og annað starfsfólk sem ekki tilheyrði deildum í viðtöl. Í þessum samtölum fer fram mat á frammistöðu og markmiðssetningar gerðar skýrar og einfaldar.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Markmið símenntunar er að efla og mennta starfsmenn. Öflug og virk símenntun hefur verið í boði hjá Skólaskrifstofu Hafnarjarðar sem starfsmenn hafa nýtt sér vel. Má þar nefna námskeið eins og Kvíði barna, Lubbi finnur málbein, Tvítyngdir nemendur – skóli fyrir alla, Að eiga mörg tungumál er styrkur ofl. Einnig hafa starfsmenn sótt námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins og Endurmenntun Háskóla Íslands. Allir starfsmenn hafa í sótt námskeið í Slysavörnum, Leikur að læra og hlýtt á fyrirlestra á skipulagsdögum. Einnig fengum við fyrirlesara til okkar í tengslum við hópefli og að þessu sinni var það Sigga Kling. Farið var í kynnisferð í Hveragerði og leikskóli skoðaður, kynnst hvernig þar er verið að innleiða Leikur að læra. Leikskólastjóri sótti námskeið í Markþjálfun í vetur. Þá eru hér starfsmenn í skólanum sem eru aflu sér menntunnar í leikskólakennarafræðum, í meistaranámi og til kennsluréttinda.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans

Áherslur næsta skólaárs í símenntun starfsmanna byggir fyrst og fremst á því að ætlunin er að halda áfram með læsishvetjandi umhverfi leikskólabarna. Ætlunin er að halda áfram með P- og K-pals „þör að læra saman“ – þar sem áhersla er lögð á byrjendalæsi. Fleiri kennarar munu sækja námskeið þegar þau verða í boði. Vilji er fyrir því að efla stærðfræðikennslu innan skólans og í því samhengi er ætlunin að senda kennara á námskeið sem verða í boði á því sviði og horfum við til

Stærðfræði-pals sem byggir á sömu hugmyndafræði og K- og P- pals. Áfram er ætlunin að senda kennara á Hljóm- námskeið ásamt TRAS- námskeiði því markmiðið er að allir kennarar hafi sótt þessi bæði námskeið. Skipulagsdagar verða nýttir til sameiginlegrar fræðslu fyrir starfsmenn s.s. með fyrirlestrum, jafningjafræðslu og endurmati. Einnig munum við nota starfsmannafundi og fagfundi til þessa. Næsta skólaár verður áfram unnið með spjaldtölvur og þá möguleika sem þær bjóða í leikskólastarfi.

Önnur fræðsla

Starfsmenn munu eins og áður sækja námskeið sem Skólaskrifstofa stendur fyrir en þar er fjölbreytt val sem stendur til boða. Sérkennslustarfsmenn sækja námskeið sem Greiningarstöð ríkisins býður og henta okkar börnum. Ráðstefnur og málþing sem verða í boði og þykja henta okkar markmiðum s.s. um stærðfræði, læsi og læsishvetjandi umhverfi verða sótt eftir því sem við á.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum – 91 barn.
- Kynjahlutfall – 52 stúlkur og 39 drengur.
- Dvalarstundir – eru 940,45.
- Deildargildi eru – 4,90.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu skv. greiningaviðmiðum sérkennslu voru 4 börn í 2. flokki
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik voru 31 barn.
- Fjöldi barna með fæðuóþol – 8 börn.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku – 23 börn.
- Fjöldi tungumála – 12 tungumál utan íslensku.
- Þjóðerni forsjáraðila – 72 íslenskir, 8 pólskir, 1 lettenskur, 1 eistneskur, 1 ungerskur, 1 þýskur, 1 enskur, 1 danskur, 1 bolivískur, 2 ítalskir, 2 tælenskir, 1 serbo - croatian.

5.2 Foreldrasamvinna

Við áttum gott samstarf við foreldra og eru foreldrar almennt ánægðir með leikskólann. Í foreldraviðtölum kemur vel fram ánægja foreldra með leikskólann. Við höfum lagt aukna áherslu á móttöku barna og reynt að taka einstaklega vel á móti hverju barni og kveðja það jafn vel í lok dags. Það er ætlun okkar að leggja okkur enn frekar fram og koma til móts við foreldra eins og kostur er. Helst voru það þættir sem snéru að útiveru, hálkuvörnum og öryggi barna á leiksvæði sem foreldrar nefna þegar spurt er hvað megi betur fara. Upplýsingaflæði s.s. vikulegir tölvupóstar til foreldra frá deildastjórum eru foreldrum mikilvægir og hafa deildastjórar reynt eftir fremsta megni að senda þá. Almennt eru foreldrar ánægðir með skipulag og námsstefnu skólans. Heimasíða skólans er virk og setja deildastjórar fréttir þar inn af því helsta. Þar er vettvangur fyrir atburði líðandi stundar og upplýsingar til foreldra. Appið sem fylgir með nýju heimasíðunni gefur kost á að senda foreldrum skilaboð, myndir og upplýsingar beint og teljum við það mjög áhugavert fyrir okkur öll. Samhliða aukinni tækni og spjaldtölvunotkun erum við með Vimeo – síðu fyrir skólann þar sem foreldrar geta fylgst með ýmsum ferðum og verkefnum sem sett eru þar inn ýmist sem rafbók eða myndbandsbrot. Einnig hefur ljósmyndaskráning sem höfð er í gangi í sjónvörpum í fataklefum barnanna fært starfið nær foreldrum.

Fastir dagar eru yfir árið þar sem foreldrum er boðið ýmist í morgunmat eða kaffi, þetta eru dagar sem foreldrar koma og njóta þess að vera með börnum sínum og hitta aðra foreldra. Foreldraviðtöl eru boðuð einu sinni á ári og hafa þá kennarar undirbúið þau og fara með foreldrum yfir þroska barna þeirra, líðan og veru í leikskólanum. Einnig standa foreldrum til boða viðtöl við kennara eftir eigin óskum og þörfum.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Á hverju hausti er haldin stór kvöldfundur þar sem foreldrafélagið fer yfir starf síðasta árs og jafnframt er kosið í foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrafélagið stendur fyrir jólaföndurdegi, sumarhátíð að vori og sveitaferð annað hvert ár.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Góð samvinna hefur skapast milli grunnskólans og leikskólans. Helst og mest er samvinnan við Lækjarskóla en flest börnin sækja þann skóla eftir dvöl sína hér, einhver fara þó í Víðistaðaskóla og höfum við átt gott samstarf við þann skóla einnig. Reglulegar heimsóknir eru á milli skóla þannig að börnin sem eru í Lækjarskóla koma í heimsókn til okkar og eru með okkar börnum í fyrirfram ákveðnum tímum en einnig lesa þau fyrir börnin hér við góðar undirtektir. Leikskólabörnin fara í heimsóknir í Lækjarskóla og fá að taka þátt í kennslustundum. Reynt er að koma því við að þau fái að kynna nokkrum þáttum kennslunnar s.s. að þau fái að sækja tíma í almennum kennslustundum, íþróttum og smíðum svo eitthvað sé nefnt. Frá næsta hausti eru áætlanir um markvissara samstarf fari fram milli Lækjarskóla, Hörðuvalla og okkar.

Skólaskilafundir hafa ávallt verið haldnir að vori og skilar þá sérkennslustjóri þeim börnum sem notið hafa sérkennslu á einhvern hátt og var það einnig svo í ár. Einnig hafa fylgt öllum börnum Hljóm – próf til grunnskólans. Síðasta haust var öllum börnum skilað í grunnskólann og þeim fylgt eftir í hendur grunnskólakennarans af deildastjórum. Það er trú okkar að þetta fyrirkomulag verði börnunum til hagsbóta og styrki fyrstu skref þeirra í nýjum skóla.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar næsta skólaárs; 27. september, 20. nóvember 2017, 2. janúar, 23. febrúar og 28. maí 2018.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Forvarnaráætlun gegn:

- Einelti
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg35.pdf>
- Slysum
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg9.pdf>
- Ofbeldi og áföllum
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg38.pdf>
- Tilvísunarblað
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg39.pdf>

Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun
http://arnarberg.leikskolinn.is/arnarberg/arnarberg11_ryming_husnaedis.pdf
- Vinnuverndaráætlun
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg48.pdf>
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg49.pdf>

- Móttökuáætlun
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg46.pdf>
- Jafnréttisáætlun
<http://arnarberg.leikskolinn.is/arnarberg/arnarberg55.pdf>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði, 30. júní 2017

Oddfríður Sæby Jónsdóttir

Leikskólastjóri

Kristbjörg Helgadóttir

aðstoðarleikskólastjóri